



# SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Jóns Þrands Stefánssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Snæfellsbær, 12. janúar 2022  
Tilv. bréfs 35312

Á fundi bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, þann 11. janúar 2022, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 21. desember 2021, varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga fiskveiðiárið 2021/2022.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að óska eftir því að fyrir Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissand, Rif og Ólafsvík) gildi sömu reglur og giltu fyrir fiskveiðiárið 2020/2021, skv. reglugerð frá 15. mars 2021 um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar óskar eftir því að ákvæði reglugerðar nr. 919/2021 gildi um úthlutun byggðakvóta Arnarstapa, Hellissands, Ólafsvíkur og Rifs með eftirfarandi breytingum::

- a) Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ og verður: í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskípum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022

Rök bæjarstjórn Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

